Reiknivilla í inntökuprófi Læknadeildar 2019

Stefnt hafði verið að því að taka inn 54 nemendur að loknu inntökuprófi í Læknisfræði sumarið 2019. Einn þeirra sem þreyttu prófið gerði athugasemd við útreikninga fimmtudaginn 5. september að lokinni prófsýningu. Starfsmaður skrifstofu Læknadeildar kom henni til stærðfræðingsins sem hefur annast útreikningana um margra ára skeið. Stærðfræðingurinn hringdi í Engilbert Sigurðsson forseta Læknadeildar samdægurs og greindi frá því að reiknivilla hefði fundist sem hefði áhrif á lítinn hluta próftaka, oftast til lækkunar á lokaeinkunn. Forseti Læknadeildar fór þess á leit við hlutaðeigandi að hann fengi annan stærðfræðing í lið með sér til að yfirfara þessa niðurstöðu og kanna hvort einhverjar fleiri svipaðar villur gætu leynst í prófinu. Það var gert sama kvöld.

Á föstudagsmorgni 6. september var deildarforseta tilkynnt af stærðfræðingnum að 5 próftakar hefðu eftir leiðréttingu hærri lokaeinkunn en áður og röðuðust í sæti á bilinu 23 til 52. Þeir 55 próftakar sem komust inn í Læknadeild eftir inntökuprófið höfðu þá setið á skólabekk í 3 vikur (nr. 54 og 55 voru með jafnháa einkunn upp á tvo aukastafi og því var fjöldinn 55 þótt stefnt hefði verið að 54 í ár, en hins vegar var stefnt að því að taka inn 60 á 1. ár árið 2020 – samþykkt var á deildarfundi í desember 2016 að auka fjöldann á 1. námsári í áföngum í 60). Deildarforseti hafði þá samband við Ingu Þórsdóttur forseta heilbrigðisvísindasviðs og lagði til að þessum 5 nemum yrði boðið að hefja nám strax á mánudegi 9. september og staðfesta ákvörðun sína skriflega í tölvupósti. Það gerðu þau öll sama dag. Deildarforseti kynnti rás viðburða samdægurs einnig fyrir rektor.

Rétt er að ítreka að þeir 60 einstaklingar sem hlutu hæsta lokaeinkunn í prófinu eru eftir leiðréttingu **þeir 60 sem nú hafa hafið nám á fyrsta ári** en það fjölgaði í hópnum sem nam ofangreindum 5 nemum úr 55 í 60 eftir að villan uppgötvaðist. Eftir að hafa fengið spurningu frá blaðamanni 9. september um það hvort sama villa kynni að leynast í Excel skjölum síðustu ára, bað deildarforseti stærðfræðinginn um að kanna skjöl s.l. 5 ára. Hann hringdi til baka nokkrum tímum síðar og tilkynnti að hann hefði ekki fundið villuna í þeim skjölum. Það er vert að taka fram að það eru ákveðnar leiðir nýttar í Excel-skjalinu til að draga úr líkum á reiknivillum og eins eru gerðar stikkprufur með starfsmanni Læknadeildar að loknu prófi til að leita að reiknivillum en hvorugt dugði til að uppgötva þessa villu - e.t.v. vegna þess hve lágt hlutfall nemanna varð fyrir henni eða 9% (29 af 316 próftökum í læknisfræði).

Strax á mánudeginum 9. september sendi starfsmaður Læknadeildar að beiðni deildarforseta tölvupóst til allra þeirra 29 sem höfðu orðið fyrir

barðinu á reiknivillunni (langflestir, 21/29, höfðu lækkað, og sumir talsvert mikið eða um meira en 1 heilan vegna hennar og hækkuðu þá fyrir vikið í lokaeinkunn að lokinni leiðréttingu). Í tölvupóstinum til þessara 29 kom fram rétt lokaeinkunn og rétt lokaröðun. Einnig fengu hinir 287 sem urðu ekki fyrir reiknivillunni (316 próftakar í læknisfræði að frádregnum þessum 29 sem urðu fyrir reiknivillunni) tölvupóst þar sem þeim var tilkynnt að reiknivillan hefði ekki haft áhrif á lokaeinkunn þeirra. Reiknivillan kom ekki fram í skjalinu sem notað var fyrir einkunnir í inngangsprófinu í sjúkraþjálfun.

Læknadeild harmar að þessi mistök hafi orðið við útreikninga í inntökuprófinu og biður enn og aftur þá nema afsökunar sem fyrir reiknivillunni urðu.

Að lokum er vert að nefna að þetta mál mun leiða til breytinga á verkferlum í tengslum við inntökuprófið á næsta ári. Öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir mistök af þessu tagi er að tveir stærðfræðingar reikni hvor í sínu lagi lokaeinkunn og noti helst mismunandi forrit til þess.